

**Minnisblað. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála: Úrskurður nr. 121/2020 í máli nr. 23/2020 – útgefinn 23. Október 2020. Skilyrði vegna útgáfu framkvæmdaleyfa fyrir skógrækt**

Nú liggur fyrir úrskurður málinu frá hálfu nefndarinnar og mikilvægt að hann sé túlkaður rétt. Eins og með aðra dóma þá skiftir orðalagið miklu máli og getur hvert orð eða setning ráðið öllu um hvernig túlka á dóminn og hvaða atriði varða eingöngu hið tilgreinda mál og hvaða atriði eru almenns eðlis og eru þar með fordæmisgefandi fyrir önnur sambærileg mál.

Hin kærðu atriði voru í grundvallaratriðum tvö skilyrði, sem sveitarfélagið setti landeigendum að uppfylla til þess að fá útgefin leyfi fyrir skógrækt á jörðum sínum. Umsóknirnar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar 5. Mars 2020, en með tveimur eftirfarandi skilyrðum, „Einnig þarf að liggja fyrir samþykki eigenda aðliggjandi jarða og umsögn Minjastofnunar“.

Niðurstaðan er að ekki sé lagastoð til að krefjast samþykkis eigenda annara jarða og er það því fellt úr gildi. Þarf því ekki að fjalla meira um það hér.

Niðurstaðan er að krafa um að umsögn Minjastofnunnar skuli liggja fyrir, er talin lögmæt og heldur gildi sínu. Jafnframt er tekið fram að þetta skilyrði sé nú þegar uppfyllt, enda segir í niðurstöðu nefndarinnar „Hefur slíkra umsagna þegar verið aflað að tilstuðlan sveitarfélagsins“, og er vísað þar til bréfa Minjastofnunar frá 6. apríl vegna Hóls og 17. apríl vegna Stóra-Langadals. Úrskurðarnefndin tekur sérstaklega fram að af hálfu Dalabyggðar þá „var samþykkt framkvæmdaleyfanna ekki bundin skilyrði um efni umsagnanna heldur einungis að þeirra yrði aflað“.

Úrskurðurinn er því skýr um að fyrirvarar sveitarstjórnar eru nú ekki lengur til staðar, þar sem annar er felldur úr gildi en hinn telst uppfylltur. Í ljósi þessarar niðurstöðu á því sveitarfélagið að gefa út umrædd framkvæmdaleyfi án frekari aðgerða.

Þá kemur að hinni almennu túlkun – hvað þýðir úrskurðurinn fyrir afgreiðslu sambærilegra mála?

Úrskurðurinn skilgreinir einnig, með mjög skýrum hætti hverjar eru skyldur sveitarfélagsins annars vegar og síðan hlutverk Minjastofnunar hins vegar í svona málum.

Niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar ber að túlka þannig að með þessari málsmeðferð hafi sveitarfélagið fyllilega gætt að lagaskyldu sinni varðandi “verndun og varðveislu menningarminja og verndun og varðveislu fornminja”, og þá bæði að hvað hina formlegu lagaskyldu varðar en einnig efnisleg atriði, sem þurfi að vera til staðar við afgreiðslu málsins. Þetta er eftirfarandi:

Með því að óska eftir umsögn Minjastofnunar er hið formlega lagaskilyrði uppfyllt. Jafnframt er lagaskyldan efnislega uppfyllt með því að tiltaka fyrirliggjandi upplýsingar og “að sveitarfélagið myndi, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, tilgreina skilyrði í framkvæmdaleyfinu þess efnis að ekkert jarðrask eða trjáplöntun yrði leyfð innan 15 m frá minjastöðum sem nú væru þekktir eða sem kynnu að finnast á skógræktarsvæðinu”. Þetta kemur skýrt fram í eftirfarandi kafla í úrskurðinum:

„Við meðferð málanna lágu fyrir umsóknir kæranda um framkvæmdaleyfi. Í umsókn landeiganda Hóls í Hvammssveit, dags. 18. október 2019, kom m.a. fram að undirbúningur ræktunaráætlunar fæli m.a. í sér kortlagningu fyrirhugaðs ræktunarlands og þar með hvort einhver úrtök yrðu gerð innan ræktunarsvæða vegna verndarákvæða náttúruverndarlaga, fornminjalaga og/eða annarra takmarka sem kynnu að koma í ljós. Einnig var tekið fram í bréfinu að ekki væru friðlýst svæði á fyrirhuguðu samningssvæði, landið væri ekki á náttúruminjaskrá og engar friðlýstar fornminjar væru þar skráðar. Var hið sama tekið fram í umsókn vegna skógræktaráforma á jörðinni Stóra-Langadal.“

Eins og rakið hefur verið óskaði skipulagsfulltrúi hinn 6. apríl 2020 umsagnar Minjastofnunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda kæranda að Hóli í Hvammssveit eftir að kæra barst í máli þessu. Í beiðninni var tekið fram að þess væri vænst að umsögnin yrði í samræmi við eftirfarandi viðmið, þ.e. að miðast við að leiðbeina sveitarfélagi og skógarbónda, þannig að tryggja mætti vernd fornminja, sem kynnu að vera á fyrirhuguðu skógræktarsvæði. Jafnframt var frá því greint að sveitarfélagið myndi, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, tilgreina skilyrði í framkvæmdaleyfinu þess efnis að ekkert jarðrask eða trjáplöntun yrði leyfð innan 15 m frá minjastöðum sem nú væru þekktir eða sem kynnu að finnast á skógræktarsvæðinu. Skyldi 15 m fjarlægðin miðast við ystu sýnilegu mörk fornminja. Einnig kom fram að landeigandi hefði skráð minjar á svæðinu og meðfylgjandi væri listi og/eða yfirlýsing landeigenda um þær fornminjar sem honum væri kunnugt um á skógræktarsvæðinu og væri vísað í örnefnaskrá þar sem það ætti við. Kom og fram að með listanum fylgdi einnig ljósmynd, hnit og stutt lýsing á tilgreindum fornminjum.“

Við afgreiðslu mála á sveitarstjórn að gæta að ákvæðum laga og rannsaka mál nægjanlega til þess að ákvarðanirnar séu málefnalegar og lögmætar. Þetta telst sveitarstjórn Dalabyggðar því hafa uppfyllt með fullnægjandi hætti í þessu máli og því ástæðulaust að aðhafast frekar og því ber nú að gefa framkvæmdaleyfin út.

Sveitarfélög bera ekki ábyrgð á ákvörðunum Minjastofnunar og því er það hennar að ákveða hvort hún telur nauðsynlegt að kanna viðkomandi svæði nánar. Frekari aðgerðir af hálfu Minjastofnunar eru því sveitarfélaginu óviðkomandi.

Þetta er því skýr niðurstaða, sem mun væntanlega gilda fyrir afgreiðslu annara mála og er fordæmisgefandi.

Dags. 1 nóvember 2020

Jakob K. Kristjánsson, Hóli, Hvammssveit